

## Kynningarstarfsemi 2022 – uppgjör

Á síðasta ári voru notaðar 1.727.429 kr. af þeim 2.000.000 kr. sem voru á áætlun 2022 fyrir *Kynningarstarfsemi* undir deild Ferðamálafulltrúa.

Samhristingur ferðapjóna í Dalabyggð	75.000
Best of Iceland – opnukynning x2	421.600
Samstarfssamningur við Markaðsstofu Vesturlands	52.080
Auglýsing í Ferðafélaganum 2022	7.440
Icelandic Times	148.800
Auglýsing í <i>Á ferð um Ísland</i>	173.600
Auglýsing á Sundlaugar.is	39.556
Auglýsingar vegna Heim í Búðardal 2022	210.800
Þátttaka á borðkorti	59.520
Þátttaka á korti Cycling Westfjords	20.000
Árgjald v/ visitdalar.is	6.293
Merking á skilti	99.014
Ísland 2020, atvinnuhættir og menning. Kafli um Dalabyggð í bók.	214.954
Mannamót 2023. Skráningargjald ferðapjóna í Dalabyggð	198.772
<b>ALLS</b>	<b>1.727.429</b>

2022 var í fyrsta sinn haldinn *Samhristingur ferðapjóna í Dalabyggð* sem mæltist vel fyrir hjá ferðapjónum og tengdum aðilum. Stefnt er að öðrum slíkum viðburði á starfsárinu 2023. Einnig var ákveðið að styrkja ferðapjóna sem hugðust sækja ferðasýninguna *Mannamót 2023* um skráningargjaldið. Það er ánægjulegt hve vel var tekið í framtak sveitarfélagsins og munu 7 fyrirtæki úr sveitarfélaginu kynna sig þar. Kynningar á því sem Dalabyggð hefur upp á að bjóða birtust m.a. í tímaritunum *Best of Iceland*, *Ferðafélaganum*, *Icelandic Times* og *Á ferð um Ísland*. Þá voru tækifæri nýtt til birtingar á borðkortum.

Einn reikningur, vegna *Ísland 2020*, er vegna ákvörðunar frá 2020 um að Dalabyggð myndi vera með sér kafla í útgáfu þessa rits. Ritið er gefið út á 10 ára fresti og fjallar m.a. um fyrirtæki, stofnanir og samtök í landinu ásamt yfirlitsgreinum fróðra einstaklinga. Útgáfa hefur dregist sem er ástæða þess að reikningur skilaði sér ekki fyrr en í árslok 2022.

Ástæða þess að fjármagn 2022 var ekki fullnýtt er að gert var ráð fyrir að þátttaka í þáttunum *Að Vestan* á N4 kæmi inn á *Kynningarstarfsemi* en í staðin var sá liður færður á *Ýmsa styrki* þar sem um styrktar verkefni við sjónvarpsstöðina er að ræða. Þátttaka í þáttunum gagnast sveitarfélaginu vel til kynningar og á árinu birtust ýmis skemmtileg innskot úr daglegu lífi Dalamanna, af uppbyggingu, breytingum og nýsköpun svo eitthvað sé nefnt.

## Kynningarstarfsemi 2023 – áætlun

Í upphafsáætlun 2023 er gert ráð fyrir 2.109.000 kr. fyrir *Kynningarstarfsemi* undir deild Ferðamálafulltrúa.

Keyptar auglýsingar/kynningar í ferðablöðum	600.000
Keyptar auglýsingar/kynningar í sérblöðum (ferðalög innanlands)	360.000

Félags- og árgjöld	80.000
Borðkort	65.000
Lagfæringar á upplýsingaskiltum	175.000
Samhristingur ferðapjóna vor og haust	100.000
Samfélagsmiðlar. Keyptar birtingar fyrir m.a. Dalirnir heilla	79.000
Gerð kynningarefnis. Aðkeypt þjónusta.	100.000
Jörvagleði, auglýsingar.	50.000
Óráðstafað	500.000
<b>ALLS</b>	<b>2.109.000</b>

**Keyptar auglýsingar/kynningar í ferðablöðum:** Hérna er gert ráð fyrir að kaupa auglýsingar, umfjallanir og/eða kynningar í ferðablöðum, bæði á íslensku og ensku.

**Keyptar auglýsingar/kynningar í sérblöðum (ferðalög innanlands):** Hérna er gert ráð fyrir að kaupa umfjallanir, kynningarinnskot og/eða auglýsingar þegar líður að sumri í sérblöðum sem fjalla um sumarfrí landsmanna og hugmyndir um hvar og hvernig sé hægt að eyða þeim.

Það gagnast vel að minna á okkur og hvað við höfum upp á að bjóða hér á landi og í Dalabyggð.

**Félags- og árgjöld:** Þarna geri ég ráð fyrir þeim félagsgjöldum sem við greiðum (m.a. Markaðsstofan og félag sögutengdrar ferðapjónustu) og árgjöldum vegna markaðsmála (s.s. vegna visitdalis.is).

**Borðkort:** Hér er verið að tala um að kaupa auglýsingar fyrir visitdalis á borðkortum sem ná yfir Vesturland/Vestfirði og Dali. Þátttaka á borðkortum gagnast okkur m.a. í því að viðkomandi kort fara í dreifingu hér í Dalabyggð og hjá ferðapjónum sem geta þá nýtt þau til að benda á frekari/aðra þjónustu í héraðinu, leiðbeina ferðamönnum t.d. fyrir dagsferðir eða hvernig þeir komast á ákveðna staði, við höldum okkar *heiti* á lofti sem býr til tengsl í huga notenda við svæðið o.s.frv.

**Lagfæringar á upplýsingaskiltum m.a. við Krosshólaborg og á Svínadal:** Í Dalabyggð er að finna ýmis upplýsingaskilti fyrir ferðamenn sem eru farin að láta á sjá. Hérna er lagt til að skiltin verði skoðuð og tekið saman hver þeirra þarfnast viðgerðar/lagfæringar. Þau sem eru illa farin verði prentuð að nýju. Meta þarf hverju sinni hvort henti betur að prenta nýtt skilti (s.s. plötu) eða útbúa filmu sem límd verði yfir fyrra skilti. Lagt til að verkefnið hefjist í lok apríl/byrjun maí og því verði lokið fyrir endaðan maímánuð.

**Samhristingur ferðapjóna vor og haust:** Gert er ráð fyrir því að halda *Samhristing* í mars/apríl og aftur að hausti til í október/nóvember 2023. Eftir fyrsta samhristing sáum við að gera þarf meira úr svigrúmi ferðapjóna til að hittast og ná að spjalla saman. Því verða færri heimsóknir/erindi á næstu hittingum en vissulega nýtum við tækifærið til að fá kynningar sem gagnast ferðapjónum á svæðinu. Sem dæmi hefur verið óskað eftir að næsti hristingur verði með vottana/sjálfbærni/umhverfis/náttúruverndar-þema.

**Samfélagsmiðlar. Keyptar birtingar fyrir m.a. Dalirnir heilla:** Hérna er gert ráð fyrir fjármagni til að kaupa birtingar/innspýtingu á innleggjum á samfélagsmiðlum. Þarna undir er m.a. Dalirnir heilla og eins fyrir góðar fréttir af áföngum í sveitarfélaginu. Þetta tengist því að markaðssetja svæðið frekar, ekki aðeins til ferðalaga/heimsóknar heldur einnig sem búsetukost.

**Gerð kynningarefnis. Aðkeypt þjónusta:** Hérna er gert ráð fyrir fjármagni ef þörf er á aðkeyptri þjónustu vegna gerðar kynningarefnis s.s. hönnun, prentun, uppstillingu, upptöku o.s.frv.

**Jörvagleði, auglýsingar:** Dagana 19. – 23. apríl n.k. verður Jörvagleði haldin í Dalabyggð. Um er að ræða menningar- og listahátíð Dalabyggðar sem er haldin annað hvert ár, sem næst Sumardeginum fyrsta sem fellur á fimmtudaginn 20. apríl í þetta sinn. Í tengslum við hátíðina verða senda dreifibréf á öll heimili í Dalabyggð og auglýsing birt í Skessuhorni, mögulega keyptar birtingar á samfélagsmiðlum.

**Óráðstafað:** Stundum koma inn verkefni sem við gerðum ekki endilega ráð fyrir. Þá er það metið hverju sinni hvort þátttaka í þeim gagnist Dalabyggð/ferðaþjónum á svæðinu. Eins geta komið inn tilboð eða pakkar á góðum kjörum varðandi auglýsingar. Samstarfsverkefni varðandi kynningarmál t.d. átaksverkefni varðandi þá mánuði/árstíma sem minna er um ferðamenn hafa komið til umræðu og eins geta komið inn tilfallandi verkefni vegna ákveðinna málaflokka innan ferðaþjónustunnar sem þarf að bregðast við. Hérna er gætt að því að eiga óráðstafað fjármagn sem hægt er að grípa til ef eitthvað kemur upp á líkt og rekið er hér á undan.